
Virkjun í Þverá Vopnafirði

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 10. september 2018 barst Skipulagsstofnun tillaga Þverárdals ehf. að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar allt að 6 MW virkjunar í Þverá í Vopnafirði, Vopnafjarðarhreppi samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 3.22 í 1. viðauka laganna. Um að ræða framkvæmd í flokki B og er málsmeðferð skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og tekin ákvörðun um hvort að viðkomandi framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki. Framkvæmdin fellur hins vegar jafnframt undir 5. gr. laganna þar sem þurfi að grafa upp 200.000 rúmmetra af jarðefnum lið 3.02 og er því beint matsskyld vegna efnistöku- og haugsetningarmagns.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Vopnafjarðarhrepps, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Allt að 6 MW virkjun í Þverá í Vopnafirði. Tillaga að matsáætlun. Mannvit hf., 2018.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Vopnafjarðarhreppi með tölvubréfi dags. 2. október 2018.
- Fiskistofu með tölvubréfi dags. 17. október 2018.
- Veðurstofu Íslands með tölvubréfi dags. 26. september 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 2. október 2018.
- Minjastofnun með bréfi dags. 2. október 2018.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 1. október 2018.
- Orkustofnun með bréfi dags. 1. október 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. október 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 10. og 18. október 2018.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Efnistaka

Í tillögu að matsáætlun kemur fram gróf efnisáætlun og að stefnt sé að því að endurnýta efni sem kemur úr uppgreiftri en ekki sé ljóst hver gæði efnis séu. Kemur fram að unnin verði jarðgrunnsathugun til að kanna hvar hægt sé að sækja efni og að það séu opnar námur á svæðinu sem verði nýttar eftir því sem við á.

Í frummatsskýrslu þarf að afmarka efnistökusvæði, gera grein fyrir heildarefnispörf og hámarki efnis sem fyrirhugað er að taka á hverjum efnistökuastað. Tilgreina þarf hvers konar jarðmyndanir verði



nýttar til efnistöku. Gera þarf grein fyrir ef þörf er á haugsetningu efnis staðsetningu hennar og efnismagns sem þarf að haugsetja auk þess sem gera þarf grein fyrir frágangi hvers efnistökusvæðis að loknum framkvæmdum.

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að þrjú valkostir hafi verið skoðaðir og að kostur 2 hafi verið hagkvæmastur. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að leggja eigi sérstaka áherslu á að velja þann framkvæmdakost sem skerði ekki tilkomumikil gljúfur þverár. Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að hann leggi áherslu á að skerða ekki gljúfur þverár og nánar verði gert grein fyrir valkostum í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir framangreindum valkostum sem og öðrum valkostum sem skoðaðir voru og hugsanlegum umhverfisáhrifum þeirra og rökstyðja hvers vegna aðrir kostir voru ekki metnir raunhæfir eða uppfylltu ekki markmið framkvæmdarinnar og eru því ekki lagðir fram til mats á umhverfisáhrifum.

Líf- og vistkerfi

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að virkjun þverár muni hafa í för með sér skert rennsli á milli lóns og stöðvarhúss. Í umsögn Vopnafjarðarhrepps er spurt um hugsanleg áhrif á Hofsá ef uppeldisstöðvar í þverá raskist. Einnig hvaða áhrif framburður á röskuðum svæðum geti haft á lax, hvað megi búast við að framburður eigi eftir að lita Hofsá lengi og hver áhrif af skolun á uppistöðulóni verði fyrir Hofsá.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að rannsóknir sem framkvæmdar voru sumarið 2018 sé ætlað að svara spurningum Vopnafjarðarhreppar um uppeldisstöðvar í þverá og framburðaráhrif. Í svari framkvæmdaraðila við litun Hofsá kemur fram að reynt verði að halda rofi utan veiðitíma en ekki sé ljóst hvert umfang rofs sé á þessum tíma. Áhrif á Hofsá vegna skolunar ætti að vera takmarkað vegna vegalengdar frá lóni að Hofsá.

Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir hver hugsanleg áhrif á Hofsá verða ef uppeldisstöðvar í þverá raskast og hver áhrif á lax í Hofsá og lit Hofsá frá framburði. Einnig þarf að sýna niðurstöður frá rannsóknum um vistgerðir, kortlagningu gróðurs, rennislismælingar og áhrif skerðingar rennslis á ásýnd og lífríki svæðisins og lífríki neðanstraums frá stöðvarhúsi þegar viðkemur uppeldissvæðum laxaseiða.

Tenging við flutningsnetið

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gert sé ráð fyrir að tengja virkjunina inn á kerfi RARIK og að um 11 km jarðstrengs sé að ræða.

Skipulagsstofnun bendir á að tenging við raforkukerfið er nauðsynleg til að rekstur virkjunarinnar gangi með tilætluðum hætti. Því er ekki unnt að undanskilja jarðstreng við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir legu jarðstrengs frá stöðvarhúsi að tengivirki við flutningskerfi raforku. Gera þarf grein fyrir áhrifum jarðstrengsins á umhverfið með sambærilegum hætti og annarra hluta framkvæmdanna.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.



4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Þverárvirkjunar ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að afmarka efnistökusvæði, gera grein fyrir heildarefnisþörf og hámarki efnis sem fyrirhugað er að taka á hverjum efnistökuastað. Tilgreina þarf hvers konar jarðmyndanir verði nýttar til efnistöku. Gera þarf grein fyrir ef þörf er á haugsetningu efnis staðsetningu hennar og efnismagns sem þarf að haugsetja auk þess sem gera þarf grein fyrir frágangi hvers efnistökusvæðis að loknum framkvæmdum.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir framangreindum valkostum sem og öðrum valkostum sem skoðaðir voru og hugsanlegum umhverfisáhrifum þeirra og rökstyðja hvers vegna aðrir kostir voru ekki metnir raunhæfir eða uppfylltu ekki markmið framkvæmdarinnar og eru því ekki lagðir fram til mats á umhverfisáhrifum.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir hver hugsanleg áhrif á Hofsá verða ef uppeldisstöðvar í Þverá raskast og hver áhrif á lax í Hofsá og lit Hofsá frá framburði. Einnig þarf að sýna niðurstöður frá rannsóknum um vistgerðir, kortlagningu gróðurs, rennismælingar og áhrif skerðingar rennslis á ásynd og lífríki svæðisins og lífríki neðanstraums frá stöðvarhúsi þegar viðkemur uppeldissvæðum laxaseiða. Í frummatsskýrslu verður að greina frá þeim aðgerðum sem framkvæmdaraðili hyggst beita til að lágmarka neikvæð áhrif á líf- og vistkerfi Þverá og Hofsá. Bæði með tilhögun framkvæmda sem og tímasetningu þeirra.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir legu jarðstrengs frá stöðvarhúsi að tengivirki við flutningskerfi raforku. Gera þarf grein fyrir áhrifum jarðstrengsins á umhverfið með sambærilegum hætti og annarra hluta framkvæmdanna.
5. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 25. október 2018

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson